

Fimmtudaginn 19. október 1989.

Nr. 305/1989. **Elín Þ. Bjarnadóttir,**
Eydís Bjarnadóttir,
Guðni Hans Bjarnason,
Konráð Bjarnason,
Kristinn Bjarnason,
Kristófer Bjarnason,
Valgerður Bjarnadóttir og
Þóra Lilja Bjarnadóttir

gegn

Bjarna Má Jenssini,
Rafnari Jenssini og
Þórunni Jensdóttur og
skiptaráðandanum í Árnessýslu og
Gísla Baldri Garðarssini
skiptaforstjóra.

Kærumál. Skipti. Erfðaskrá. Frávísun frá skiptarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar með kæru 28. júní 1989 frávísunarpætti úrskurðar skiptaréttar Árnessýslu 29. apríl 1989. Var málsaðilum fyrst gert kunnugt um niðurstöðu hins kærða úrskurðar, er þeim var sent endurrit hans 13. júní 1989. Gögn málsins bárust Hæstarétti 4. ágúst 1989.

Í kæru gerir lögmaður sóknaraðila eftirfarandi dómkröfur: „að úrskurði um frávísun varakrafna sóknaraðila verði hrundið og lagt fyrir skiptaráðanda að leggja efnisúrskurð á þann þátt málsins og að mér verði dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður að við bættum lögboðnum söluskatti og að málskostnaðarupphæðin skuli bera dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sem leggist við höfuðstól dæmds málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir dómsuppsögu“.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

I.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að berlega liggi fyrir afstaða skiptaforstjóra um alla þætti varakrafna þeirra og hafi hann hafnað þeim í raun, en allar sáttatilraunir hans reynst árangurslausar. Hvað sem því liði, geti skiptaráðandi ekki reist niðurstöðu sína um alla liði varakrafna þeirra á því, að ekki liggi fyrir endanleg afstaða skiptaforstjóra „um mörg þessara atriða ...“. Þá sé það ekki nauðsynlegt skilyrði þess, að krafist verði úrskurðar skiptaréttar um ágreiningsefni, að skiptaforstjóri hafi leitað um þau sátta, þótt almennt megi það teljast heppilegt og eðlilegt. Telja sóknaraðilar, að varnaraðilar og/eða skiptaforstjóri geti ekki takmarkað úrlausnarefni skiptaréttar og komið þannig í veg fyrir, að þeir leiti réttar síns. Telja þeir, að skiptaforstjóra hafi borið að vísa umræddum ágreiningsefnum til úrlausnar skiptaréttar. Þar sem hann hafi ekki gert það, hafi sóknaraðilar rétt til þess sjálfir. Telja sóknaraðilar ljóst, að ekki verði hjá úrskurði skiptaréttar um ágreiningsmálin komist og því beri skiptarétti að mæla að því leyti fyrir um framkvæmd skiptanna.

II.

Í forsendum hins kærða úrskurðar hefur skiptaráðandi að hluta tekið afstöðu til atriða, sem fólgin eru í þeim varakröfum sóknaraðila, sem vísað var frá skiptarétti. Aðrar varakröfur sóknaraðila beinast m.a. að því, hvaða eignir skuli koma til skipta, kröfum í dánarbúið og framkvæmd skiptanna. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, er reifun þeirra áfátt. Þykir því, eins og á stendur, ekki rétt að haggja niðurstöðu skiptaráðanda um frávisun að þessu leyti. Er skiptaráðanda rétt að setja skiptaforstjóra hæfilegan frest til að fjalla um þessi ágreiningsefni, en taka þau síðar til úrlausnar í sérstökum skiptaréttarmálum, ef þörf krefur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunarpáttur úrskurðar skiptaréttar Árnes-sýslu 29. apríl 1989 á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Árnassýslu 29. apríl 1989.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 6. apríl 1989, var þingfest 8. september 1988.

Sóknaraðilar eru Elín Þ. Bjarnadóttir, Eydís Bjarnadóttir, Guðni Hans Bjarnason, Konráð Bjarnason, Kristófer Bjarnason, Valgerður Bjarnadóttir og Þóra Lilja Bjarnadóttir, en þau eru systkin og lögerfingjar Rafns Bjarnasonar, fyrrum bónda í Þorkelsgerði í Selvogi, sem andaðist 31. ágúst 1986.

Varnaraðilar eru þau Bjarni Már Jensson, Rafnar Jensson og Þórunn Jensdóttir, en þau eru systurbörn Rafns Bjarnasonar.

Lögmaður sóknaraðila lýsir dómkröfum umbj. sinna svo:

„Fyrir réttinum gera sóknaraðilar eftirfarandi kröfur á hendur varnaraðilum,

aðallega: að erfðaskrá Rafns Bjarnasonar, nnr. 7127-4934, kt. 290325-5529, er lést 31. ágúst 1986 og síðast var til heimilis að Þorkelsgerði, Selvogshreppi, Árnassýslu, sem gerð var 26. júní 1986, verði dæmd marklaus og ógild með öllu,

til vara: að erfðaskrá Rafns Bjarnasonar verði dæmd marklaus og ógild, að því er varðar ráðstöfun jarðarparts í Þorkelsgerði, Selvogshreppi, Árnassýslu, og eyðibýlisins Eimu, Selvogshreppi, Árnassýslu. Enn fremur verði dæmd ógild fyrimæli hans um slátrun búfjár og að það verði ekki selt öðrum, svo og tilnefning executor testamenti. Einnig verði dæmd ólögmæt sú framkvæmd skiptaforstjóra að slátra öllum skepnum á bújörðinni öðrum en hestum,

að erfðaskráin verði dæmd gild að öðru leyti, en skýrð og framkvæmd þannig:

að jarðarparturinn í Þorkelsgerði og eyðibýlið Eima skuli renna til lögerfingja, en að bréferfingjarnir Bjarni Már Jensson og Rafnar Jensson hljóti þess í stað aðallega arf úr dánarbúinu í peningum samsvarandi fasteignamati jarðarpartanna, en til vara verði sú fjárhæð greidd þeim frá lögerfingjum,

að arfleifandi hafi með erfðaskránni einungis ráðstafað 1/3 hluta skepna sinna, annarra en hesta, eða andvirði þeirra til Þórunnar Jensdóttur, en að öðru leyti falli það til lögerfingja,

að orðið „systkin“ í setningunni: „Þó mega þau systkinin halda þeim skepnum, sem þau vilja,“ — verði skýrt sem systkin arfleifanda,

að orðið „bræðranna“ í setningunni: „Peninga eignir, ef einhverjar verða, renna til bræðranna að jöfnu“ — verði skýrt sem bræður arfleifanda,

að orðið peninga eignir verði skýrt þannig, að það nái einungis til reiðufjár og innstæðna hjá innlánsstofnunum, þ.m.t. innlánsdeild og á viðskiptareikningi hjá Kaupfélagi Suðurnesja, aðallega á því tímamarki, er

erfðaskráin var gerð, en til vara, er arfleifandi lést, en ekki aukningar eftir það úr öðrum eignum,

að fullvirðisréttur og förgunarbætur samkvæmt lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu á búvörum, og skv. reglugerð nr. 406/1986 séu eigi (sic) talin meðal eigna dánarbús arfleifanda, þó aldrei umfram eignarhlutdeild hans í jörðinni Þorkelsgerði, og því slegið föstu, að arfleifandi hafi ekki ráðstafað þessum réttindum að því marki, sem þau kunna að hafa verið hans eign, með erfðaskránni,

að bréferfinginn Ragnar fái í arf öll hey á eyðibýlinu Eimu og hesta, sem hann hefur tekið við,

að allar vélar og tæki fylgi jörðinni Þorkelsgerði, eins og verið hefur, að dánarbúið greiði lögerfingjum ábúðarleigu fyrir árin 1980 til 1985, 60.000,00 kr. á ári í 6 ár, samtals 360.000,00 kr., og fyrir árið 1986 60.000,00 kr., allt að frá dregnum 45.000,00 kr., sem greiddar voru árið 1985, alls 315.000,00 kr., með eftirgreindum dráttarvöxtum:

45%	af 255.000,00 kr. frá	1. 1.1986	til 1. 3.1986,
33%	af 255.000,00 kr. frá	1. 3.1986	til 1. 4.1986,
27%	af 255.000,00 kr. frá	1. 4.1986	til 1.12.1986,
27%	af 315.000,00 kr. frá	1.12.1986	til 1. 3.1987,
30%	af 315.000,00 kr. frá	1. 3.1987	til 1. 6.1987,
33,6%	af 315.000,00 kr. frá	1. 6.1987	til 1. 7.1987,
36%	af 315.000,00 kr. frá	1. 7.1987	til 1. 8.1987,
40,8%	af 315.000,00 kr. frá	1. 8.1987	til 1. 9.1987,
42%	af 315.000,00 kr. frá	1. 9.1987	til 1.10.1987,
43,2%	af 315.000,00 kr. frá	1.10.1987	til 1.11.1987,
45,6%	af 315.000,00 kr. frá	1.11.1987	til 1.12.1987,
49,2%	af 315.000,00 kr. frá	1.12.1987	til 1. 1.1988,
51,6%	af 315.000,00 kr. frá	1. 1.1988	til 1. 3.1988,
45,6%	af 315.000,00 kr. frá	1. 3.1988	til 1. 5.1988,
44,4%	af 315.000,00 kr. frá	1. 5.1988	til 1. 7.1988,
52,8%	af 315.000,00 kr. frá	1. 7.1988	til 1. 8.1988,
56,4%	af 315.000,00 kr. frá	1. 8.1988	til 1. 9.1988,
49,2%	af 315.000,00 kr. frá	1. 9.1988	til 1.10.1988,
33,6%	af 315.000,00 kr. frá	1.10.1988	til 24.10.1988,

en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er sú krafa, að úrskurðað verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1987.

Bæði í aðal- og varakröfu er þess krafist, að varnaraðilar verði in solidum dæmd til að greiða sóknaraðilum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að við bættum lögboðnum söluskatti og að málskostnaðarupphæðin

skuli bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðarins til greiðsludags. Gerð er og sú krafa, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist á til dæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum eftir uppsögu úrskurðarins.“

Lögmaður varnaraðila lýsir dómkröfum umbjóðenda sinna svo:

„Ég flyt mál þetta f.h. varnaraðila og geri þær réttarkröfur, að kröfu sóknaraðila um, að erfðaskrá Rafns Bjarnasonar, nnr. 7127-4934, kt. 290325-5529, sem gerð var 26. júní 1986, verði dæmd marklaus og ógild með öllu, verði hrundið og að úrskurðað verði, að varnaraðilar, þ.e. Þórunn, Rafnar og Bjarni Már Jensbörn, séu erfingjar að öllum eignum, er hinn látni lét eftir sig, er hann lést 31. ágúst 1986.

Þá er þess krafist, að öllum varakröfum sóknaraðila verði vísað frá réttinum.

Til vara er þess krafist, að varakröfum sóknaraðila verði hafnað.“

— — —

V.

Í máli þessu liggur fyrir, að 26. febrúar 1986 gerði Rafn Bjarnason erfðaskrá þá, sem um er þrætt í málinu.

Sá ágalli, að arfleiðsluvottarnir tilgreina ekki heimilisfang sitt, hefur ekki valdið sönnunarerfiðleikum í málinu, og er ekki um ófrávíkjanlegan formgalla að ræða.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að framangreind erfðaskrá fullnægi ekki formskilyrðum 42. gr. erfðalaga, nr. 8, 1962. Samkvæmt þessu ber að hafna aðalkröfu sóknaraðila um, að erfðaskrá Rafns Bjarnasonar verði dæmd marklaus og ógild með öllu.

Þá liggur fyrir að fjalla um þann þátt aðalkröfu varnaraðila, sem lýtur að frávísun á varakröfu sóknaraðila.

Eins og varakröfu sóknaraðila er háttað, verður að telja, að í henni felist krafa um, að skiptaráðandi úrskurði um ýmis ólík atriði varðandi framkvæmd skipta dánarbús Rafns Bjarnasonar. Í málinu liggur ekki fyrir endanleg afstaða skiptaforstjóra um mörg þessara atriða né að hann hafi leitað sátta með málsaðilum um úrlausn þeirra.

Það er hlutverk skiptaforstjóra að skipta dánarbúi, og er skiptaráðandi ekki bær um að mæla fyrir um framkvæmd skiptanna nema um þau atriði, sem skýrt liggur fyrir, að skiptaforstjóri geti ekki ráðið til lykta.

Samkvæmt framanrituðu þykir verða að vísa varakröfu sóknaraðila, eins og hún liggur fyrir, frá skiptaréttinum.

Loks liggur fyrir að fjalla um gagnkröfu varnaraðila, þ.e., að úrskurðað verði, að þau Bjarni Már, Þórunn og Rafnar séu erfingjar að öllum eignum Rafns Bjarnasonar.

Í 1. gr. erfðaskrár Rafns er talið upp, hverjar séu eignir hans. Þegar 2. gr. erfðaskrárinnar er skýrð í samræmi við 1. grein hennar, þykir verða að telja, að orðin „að eigum mínum“ eigi við um þær eignir, sem talðar eru í 1. grein, og að með erfðaskránni hafi Rafn Bjarnason viljað ráðstafa öllum eigum sínum, en að sjálfsögðu ekki eignum annarra. Þar sem vísað er til „bræðranna“, án þess að nánar sé tilgreint, við hvaða bræður sé átt, eru ekki efni til þess að skýra öðruvísi en svo, að átt sé við þá bræður, sem áður höfðu verið nefndir í erfðaskránni, þ.e. þá Bjarna Má og Rafnar. Orðalagið: „Þó mega systkinin halda þeim skepnum, sem þau vilja,“ — verður ekki skýrt öðruvísi en um sé að ræða þau systkinin Bjarna Má, Þórunni og Rafnar, sem áður eru nefnd í erfðaskránni.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til vættis Gísla Baldurs Garðars-sonar hrl. ber að telja, að varnaraðilar, þau Þórunn, Rafnar og Bjarni Már, séu erfingjar að eigum Rafns Bjarnasonar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðinn kvað upp Sigurður Jónsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnes-sýslu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er aðalkröfu sóknaraðila um, að erfðaskrá Rafns Bjarna-sonar verði dæmd marklaus og ógild með öllu, og eru þau Bjarni Már, Þórunn og Rafnar Jensbörn erfingjar að eigum Rafns Bjarnasonar.

Varakröfu sóknaraðila er vísað frá réttinum.

Málskostnaður fellur niður.